

57

20. apríl

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 197 12. nóv. 1945.

Í stað III. kafla gjaldskrárinnar komi III. og IV. kafli, svo hljóðandi:

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, þar með talinn kjallari og íbúðarfært ris, eins og hér segir:

Rúmmál húss í m <sup>3</sup> :	Heimtaugargjald jarðstrengs:
Allt að 200	kr. 600.00
Frá 200 allt að 300	— 700.00
— 300 — — 400	— 800.00
— 400 — — 500	— 900.00
— 500 — — 600	— 1000.00
— 600 — — 700	— 1100.00
— 700 — — 800	— 1200.00
— 800 — — 900	— 1300.00
— 900 — — 1000	— 1400.00
— 1000 — — 1200	— 1500.00
— 1200 — — 1400	— 1600.00
— 1400 og þar yfir	— 1700.00

Fyrir loftlínu greiðist sem nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé jarðlínuheimtaug lengri en 15 metrar og loftlínuheimtaug lengri en 40 metrar eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>3</sup> skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina eftir reikningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald eftir reikningi, greiða aðeins mismuninn, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En þau hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiða það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu taugar er lokið.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 5 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 5 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. apríl 1949.

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*